



Reglur um námsstyrki til framhaldsskólanema í Húnabyggð

1.gr.

Nemi þarf að eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

2.gr.

Aldur styrkþega miðast við 16- 22 ára og miðar við það ár sem viðkomandi verður 22 ára.

3.gr.

Námsstyrkur er 60.000 kr. á hverja önn og er eingöngu veittur ungu fólki í viðurkenndu framhaldsnámi.

4.gr.

Námsstyrkur er greiddur út eftir hverja önn. Frestur til að skila umsóknum vegna haustannar er til 20. janúar og vegna vorannar til 15. júní ár hvert. Skila þarf staðfestingu menntastofnunar á að hafa lokið námi á hvorri önn.

5.gr.

Umsóknir eru auglýstar á heimasíðu Húnabyggðar og skilað þar inn á rafrænu formi. Umsóknir eru afgreiddar á skrifstofu Húnabyggðar og heimilt er að skjóta afgreiðslu skrifstofu Húnabyggðar á umsókn til sveitarstjórnar Húnabyggðar.

Fyrirkomulag samþykkt á byggðaráðsfundi 30. júní 2022 og svo samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 12. júlí 2022. Fyrirkomulag sett upp í regluform í janúar 2026.